

**38. fundur skólanefndar haldinn í Bláskógaskóla, Laugarvatni,
mánudaginn 28. október 2024, kl. 15:30.**

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sólmundur Magnús Sigurðarson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfdanardóttir, Agla Þyri Kristjánsdóttir, deildarstjóri Reykholtsskóla, í forföllum Láru Bergljótar Jónsdóttur, Íris Anna Steinarrsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Borghildur Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, Ragnheiður Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri. Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, boðaði forföll

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Skóladagatal 2024-2025 - 2404052

Erindi til skólanefndar frá deildarstjóra skólaþjónustu vegna þátttöku leikskóla í verkefninu Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi.

Erindið var lagt fram. Þar kemur fram að vegna þátttöku í verkefninu Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi þurfi að gera ráð fyrir einum starfsdegi fyrir alla leikskóla innan Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, þ.e. 19. febrúar 2025, sem ætlaður er fyrir fræðslu og vinnu við handbók leikskólanna um snemmtæka íhlutun. Umræða varð um málið.

Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að starfsdagur verði 19. febrúar, en annar starfsdagur á skólaárinu verði felldur niður. Uppfærð skóladagatöl leikskólanna verði lögð fram á næsta fundi.

2. Starfsáætlun Reykholtsskóla 2024-2025 - 2410013

Agla Þyri Kristjánsdóttir kynnir starfsáætlun Reykholtsskóla 2024-2025

Agla Þyri kynnti starfsáætlun Reykholtsskóla. Skólanefnd þakkar fyrir yfirferðina og samþykkir starfsáætlunina.

3. Starfsáætlun leikskólans Álfaborgar 2024-2025 - 2410019

Lieselot M. Simoen kynnir starfsáætlun leikskólans Álfaborgar.
Frestað til næsta fundar.

4. Fjárhagsáætlun 2025 og 2026-2028 - 2408022

Sveitarstjóri kynnir helstu forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025.

Vinna við fjárhagsáætlun er hafin. Gert er ráð fyrir 3,9% verðbólgu. Áætlað er að gjaldskrár hækki um 3,5%. Nokkur óvissa er um launakostnað, einkum innan leik- og grunnskóla, þar sem ekki hafa náðst samningar í kjaradeilu aðila.

Gert er ráð fyrir að leik- og grunnskólarnir hafi álíka fjármagn til vöru- og þjónustukaupa og

verið hefur, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og nemendafjölgunar þar sem við á. Skólustjórnendur munu á næstunni kynna sínar áætlanir fyrir sveitarstjórn og síðan verða þær kynntar skólanefnd.

5. Skólaskyld börn og skólasókn 2024-2025 - 2410015

Samantekt um samanburð á lögheimilisskráningum og skólavist barna.

Lagt var fram minnisblað sveitarstjóra sem unnið er á grundvelli 3. mgr. 5. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og börn sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Listar yfir lögheimili hafa verið bornir saman við skráningu barna í grunnskóla og var lagt fram minnisblað sveitarstjóra um stöðu mála. Öll börn sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu og búsett eru á Íslandi eða eru í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í sveitarfélaginu eru skráð í skóla. Sjö börn eru búsett erlendis, en með lögheimili í sveitarfélaginu og er leitast við að fá skýringar á lögheimilisskráningu þeirra.

6. Heimgreiðslur til foreldra barna 12-24 mánaða - 2409027

Reglur um valfrjálssar heimgreiðslur vegna leikskólabarna á aldrinum 12-24 mánaða.

Drög að reglum voru lögð fram til kynningar. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að reglurnar verði samþykktar og að fjárhæðin verði nægilega há til að hún skipti foreldra máli, eða um 250.000 kr. á mánuði.

7. Reglur leikskóla Bláskógabyggðar - 2311003

Minnisblað um breytingar á reglum leikskóla og útfærslu gjaldskrár leikskóla.

Minnispunktur sveitarstjóra og stjórnenda leikskóla voru lagðir fram til kynningar. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að haft verði samráð við foreldra um mismunandi útfærslu á reglunum.

8. Vinnutímastytting kennara í Reykholtsskóla 2024-2025 - 2408035

Samningur um vinnutímastyttingu kennara í Reykholtsskóla.

Samningurinn var lagður fram. Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að hann verði samþykktur.

9. Starfsemi skólabókasafna - 2410014

Bréf stjórnar Rithöfundasambands Íslands, dags. 7. október 2024, um mikilvægi skólabókasafna og starfsemi þeirra, m.a. skráningu útlána og innkaup.

Bréfið var lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 17:10.

Sólmundur Magnús Sigurðarson

Harpa Sævarsdóttir

Hildur Hálfdanardóttir

Lieselot Simoen

Agla Þyrí Kristjánsdóttir

Íris Anna Steinarrsdóttir

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

Borghildur Guðmundsdóttir

Ragnheiður Bjarnadóttir

Ásta Stefánsdóttir